

96

28. nóv.

Aftan við fyrri málslið 22. gr. bætist: Þá lánardrottna þarf þó ekki að boða, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi, sbr. 21. gr., að fái kröfur sínar greiddar að fullu.

4. gr.

Framan við 24. gr. komi:

5. gr.

Þeir kröfuhafar einir, er lýst hafa kröfum sínum, áður en boðað er til skuldheimtumannafundar, og ekki er gert ráð fyrir í frumvarpi samkvæmt 21. gr. að fái fulla greiðslu, eiga atkvæðisrétt um frumvarp til skuldaskila.

6. gr.

Aftan við 26 gr. bætist: nema um sé að ræða skuldir samkvæmt 1.—3. tölulið 1. greinar.

7. gr.

Aftan við 27. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Nú er stjórn Skuldaskilasjóðs sammála um, að nauðsyn beri til að veita eftirgjöf á veðskuldum umfram það, sem heimilað er í 1. tölulið þessarar greinar, í því skyni að koma hlutaðeigandi útgerð á heilbrigðan grundvöll, þá skal sjóðsstjórninni heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að veita eftirgjöf á einhverjum hluta veðskulda við styrktar- og lánasjóð, framkvæmdasjóð ríkisins og ríkissjóð.

Þann hluta umræddra lána, sem hlutaðeigandi útgerðarfyrirtæki verður talið fært að standa undir, er sjóðsstjórninni heimilað að greiða með skuldabréfum sjóðsins, og má lán úr sjóðnum þá fara fram úr því hámarki, sem segir í 10. gr., sbr. þó 11. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. nóvember 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

97

28. nóv.

L Ö G

um breyting á lögum nr 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsælisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

20. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928 er úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. nóvember 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.